

## Fundargerð stjórnar BÍS 19/2012.

miðvikudaginn 5. september 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

### Fjarverandi:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs,

### Gestur:

Jenný Dögg Björgvinsdóttir, formaður Friðarþingsnefndar og Unnsteinn Jóhannsson, verkefnastjóri Friðarþings, undir lið 2.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Umræða 1:
  - a. Friðarþing: Formaður Friðarþingsnefndar gerði grein fyrir stöðu mála og lagði fram minnisblað þess efnis. Fundir hafa gengið vel og andinn góður. Næstu skref er úthlutun verkefna og markaðssetning. Stjórn BÍS óskar þeim góðs gengis með undirbúning og framkvæmd þingsins.
  - b. Trúnaðarmál: Máli vísað til trúnaðarnefndar.
  - c. Fjáraflanir:
    - i. Samþykkt að umferðarátakið „Látum ljós okkar skína“ verði ekki framkvæmt í ár þar sem ekki hefur tekist að finna kostunaraðila.
    - ii. Samþykkt að vinna að útgáfu afmælisrits í Fréttablaðinu.
3. Umræða 2:
  - a. Starfsmannamál: Framkvæmdastjóri tilkynnti um nýjan starfskraft í Skátamiðstöðinni. Hún heitir Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir og er verkefnastjóri fjármála og rekstrar. Stjórn óskar henni velfarnaðar í starfi.
4. Mál til kynningar og bókunar:
  - a. Úlfljótsvatn: Skátahöfðingi tilkynnti að BÍS sæi um rekstur ÚSÚ tímabundið á meðan unnið er að ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Hreiðari Oddssyni, fráfarandi framkvæmdarstjóra eru þökkuð vel unnin störf í þágu Útilífsmiðsöðvar skáta á Úlfljótsvatni.
  - b. Æskulýðsvettvangurinn: Fundargerð Æskulýðsvettvangsins lögð fram. Tilkynnt var um ráðstefnuherferð Æskulýðsvettvangsins um landið vegna eineltismála. Ráðstefnan byggir á bókinni „Ekki meir“ eftir Kolbrúnu Baldursdóttur. Aðgerðaráætlun um einelti var lögð fram.
  - c. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá frammi.
  - d. Skátaheitisnefnd: Óskað er eftir fundargerð frá málþingi um skátaheitið sem fram fór á Úlfljótsvatni. HS falið að finna dagsetningu fyrir seinna málþingið og auglýsa.
  - e. Endurskoðun á reglugerðum og lögum BÍS: Óskað var eftir heildaryfirliti um reglugerðir BÍS og í kjölfarið umræðum um málið.
  - f. Verklagsreglur stjórnar: Frestað til næsta fundar.
  - g. Fundur um fánamál: Skátahöfðingi sat kynningarfund um reglugerðarbreytingar á íslenska fánanum. Fundurinn snérist um

Þingsályktunartillögu sem stuðla á að aukinni fræðslu og þekkingu um notkun íslenska fánans.

Fleira ekki rætt,  
Fundir slitið kl. 19:20,  
Fundargerð ritaði HS